



Annáll haustannar 2025

Nýnemadagur FVA var 16. ágúst og sama dag var kynningarfundur fyrir heimavistarbúa. Kennsla hófst 19. ágúst og 4. september var haldinn kynningarfundur með forráðamönnum nýnema. Hratt og örugglega byrjuðu hjólin að snúast í skólasterfinu.

Eftir miðannamat, dagana 20. – 21. október, var kærkomið vetrarfrí og mættu nemendur og starfsfólk endurnærð til starfa að því loknu. Síðasti kennsludagurinn var 8. desember og prófa- og verkefnadögum lauk 16. desember.

Tölulegar upplýsingar

Heildarfjöldi nemenda við skólann á haustönn 2025 var 481. Þar af voru 428 nemendur í dagskóla og 53 nemendur í dreifnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 60% nemenda voru karlar og 40% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 60% karlar og 40% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 57% karlar og 43% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 154 nemendur. 53 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 25 á félagsfræðibraut. 16 voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 64 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 40 nemendur í dagskóla og 37 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 30 nemendur í dagskóla. Í meistarskóla voru 1 nemendur.

Foreldrasamstarf

Í upphafi annar var boðað til fundar með forráðafólki nemenda á sal. Var þar farið yfir það helsta sem brennur á í skólabyrjun; námskrá og skólareglur, stoðþjónustu, ferilbók í iðnnámi o. fl.

Stjórn Foreldraráðs skipa Anna Þóra Þorgilsdóttir, Anna Sólveig Smáradóttir, Ólöf Birgisdóttir, Berta Björg, Freydis Bjarnadóttir, Ragnar Heimir Gunnarsson, Sigurður Óskar Magnússon og Sigfús Magnússon. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalasafni skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is.

Skólinn tekur þátt í samstarfi gegn ofbeldi og öðrum afbrotum meðal helstu lykilaðila á Vesturlandi, þ.m.t. félagsþjónustu, skólaþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, heilbrigðisþjónustu, skóla, félagasamtaka, landshlutasamtaka sveitarfélaga og lögreglu.

Fulltrúaráð og skólanefnd

Fulltrúaráð hefur verið óbreytt árum saman, skipað 12 fulltrúum frá sex sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Fulltrúaráð skipa Benedikt J. Steingrímsson, Guðmann Magnússon, Margrét Helga Ísaksen, Ragnheiður Helgadóttir og Sigrún Ágústa Helgudóttir (Akranes), Þorvaldur T. Jónsson og Jóhanna Þorvaldsdóttir (Borgarbyggð), Einar Jón Geirsson (Dalabyggð), Ástríður Guðmundsdóttir (Skorradalshreppur), Veronika G. Sigurðardóttir (Eyja- og Miklaholtshreppur), Andrea Ýr Arnarsdóttir og Birkir Snær Guðlaugsson (Hvalfjarðarsveit). Steingrímur Benediktsson er áheyrnarfulltrúi kennara í fulltrúaráði skólans og Davíð Reynir Steingrímsson er til vara.

Í júní 2023 var skólanefnd skipuð til fjögurra ára. Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Liv Åse Skarstad (formaður), Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Varamenn eru Hjördís Garðarsdóttir, Maren Rós



Steindórsdóttir, Guðmundur Reynir Georgsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir. Áheyrnarfulltrúi kennara er Trausti Gylfason og áheyrnarfulltrúi nemenda er Demi van den Berg. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs er Þórunn Hilma Svavarsdóttir. Fundur í skólanefnd á haustönn var haldinn 20. nóvember og eru fundargerðir að finna á vef skólans.

Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa Ungmennaráði Akraness, sem starfa að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum.

Afreksíþróttasvið

Á haustönn 2025 stunduðu 66 nemendur nám á Afreksíþróttasviði FVA og voru þar í ellefu ólíkum íþróttagreinum: fimleikum, golfi, keilu, knattspyrnu, körfuknattleik, Ólympískum lyftingum, kraftlyftingum og sundi. Að auki voru þrír nemendur í svokölluðu hálfu afreki og sækja þeir styrktarþjálfun og bóklega kennslu á sviðinu, en æfa sínar sérgreinar – klifur, badminton og karate – hjá sínum félögum.

Nemendur sækja tvær æfingar í viku hjá íþróttafélagi, mæta í styrktarþjálfun einu sinni í viku og fá bóklega kennslu í afreksíþróttum einu sinni í viku. Æfingar fara fram á nokkrum stöðum í bænum: sund og knattspyrna á Jaðarsbökkum, golf á Garðavöllum, Ólympískar lyftingar í nýrri aðstöðu World Class á Jaðarsbökkum og kraftlyftingar hjá Kraftlyftingafélagi Akraness við Þjóðbraut. Fimleikar, körfuknattleikur og keila fara fram í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Bókleg kennsla og styrktarþjálfun fara fram í kjallara nýja íþróttahússins á Jaðarsbökkum. Á önninni störfuðu 14 starfsmenn við þjálfun og kennslu á Afreksíþróttasviði.

Önnin gekk vel og var að mörgu leyti hefðbundin. Farið var í árlega vettvangsferð til Íþróttafraeðideildar Háskóla Íslands í Laugardal þar sem nemendur fengu kynningu á starfi deildarinnar, skoðuðu rannsóknarstofuna og fræddust um nám og rannsóknir á sviði íþróttafraeði. Þá fengu þau kynningu á nýrri Afreksíþróttamiðstöð Íslands frá starfsfólki afrekssviðs ÍSÍ, m.a. um þá þjónustu sem í framtíðinni mun standa afreksíþróttafólki til boða. Ferðin endaði svo í Minigarðinum þar sem nemendur nutu pizzahlaðborðs og gátu farið í minigolf og pílu.

Nokkrir starfsmenn sviðsins sóttu námskeiðið „Fjölmenningarfærni – staðalímyndir, fordómar og inngilding“ í boði Símenntunar á Vesturlandi, Fjölmenningskóla Vesturlands og ÍA. Markmið námskeiðsins var að efla samskiptahæfni í fjölmenningslegu umhverfi og draga úr áhrifum staðalímýnda og fordóma. Nánari upplýsingar má finna á: simenntun.is/courses/fjolmenningarfaerni

Á önninni fengum við heimsókn frá Maximilian Hagberg, fulltrúa ASM Sports. ASM Sports er fyrirtæki sem aðstoðar ungt íþróttafólk við að sækja um í háskóla í Bandaríkjunum, fá námsstyrki og samræma nám og íþróttaiðkun. Hann fór yfir mismunandi tegundir styrkja og hvernig umsóknarferlið fer fram. Innan við mánuð frá heimsókn hans var einn nemandi af sviðinu kominn með samning og styrk hjá bandarískum skóla.

Á námsmatsdögum sameinuðust allir nemendur sviðsins í tíma í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá á átta stöðvum: keilu, pílu, körfubolta, bandý, skotbolta,



trampólínhopp, bandvefslosun og Tarzan-leik. Stemningin var frábær og veitti gott tækifæri til hópeflis og hreyfingar.

Í tengslum við skólaheimsókn FVA til FS fékk verkefnastjóri tækifæri til að kynna afreksípróttasviðið fyrir verkefnastjóra FS og kynna því starfi sem unnið er þar. Mikilvægt er að mynda tengsl við aðra framhaldsskóla sem bjóða upp á svipað nám og læra hver af öðrum.

Haldnir voru tveir formlegir starfsmannafundir á önninni: einn í upphafi annar þar sem farið var yfir áherslur og verklag sviðsins og hinn í lok annar þar sem rædd voru málefni eins og gengi annarinnar, námsmat, markaðsmál, samfélagsmiðlar og áherslur fyrir vorönnina.

Starfsbraut

Á haustönn 2025 voru 34 nemendur sem stunduðu nám á Starfsbraut. Starfsfólkið fjölgaði aðeins frá fyrra ári og samanstóð af sex kennurum, einum iðjuþjálfara og fimm stuðningsfulltrúum. Kennslan var að venju fjölbreytt og lifandi, þar sem áhersla var lögð á almenna þátttöku í samfélaginu og að nýta nærumhverfið til náms, en hvort tveggja fellur undir reynslunám.

Nemendur í lýðheilsu voru mikið á ferðinni bæði í bænum og utan hans. Áherslan í vetur var á útiöldun og hreyfingu í náttúrunni og meðal annars var grillað, bakað og poppað á kolum. Skógræktin var heimsótt reglulega, ekki síst þar sem frísbíggj var eitt vinsælasta útivistarverkefnið. Einnig var farið í göngu upp að flugvélarbrakinu í Akrafjalli með nesti í góðu haustveðri.

Nemendur lærðu einnig að nýta það sem náttúran gefur. Þau tíndu kúmen á úti í náttúrunni, tóku upp rabarbara og tíndu rífsber og jarðarber í garði eins kennara sinna, að sjálfsögðu með leyfi. Úr fersku berjunum voru síðan útbúin boost og skyrskálar, heilsusamleg og bragðgóð tilbreyting í kennslunni.

Hápunktur annarinnar var án efa ferð í Hvalfjörð, þar sem nemendur skoðuðu áhugaverða staði á leiðinni og nýttu góðan tíma í göngu og samveru í Brynjúdal. Slíkar ferðir styrkja bæði félagslegt tengslanet hópsins og þekkingu á nærumhverfinu.

Fastir og vinsælir liðir voru einnig á sínum stað. Nemendur heimsóttu söfn, nýja sundaðstöðu og fengu tækifæri til að prófa sundlaug Fjölbrautaskólans við Ármúla, sem státar af einstakri aðstöðu fyrir einstaklinga í hjólastól. Í íþrótt- og heilsuviku var farið í keilu, sem var skemmtileg og góð upplifun fyrir hópinn.

Málm- og véltæknideild

Það er gróska í námi í vélvirkjun. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum – allt frá upptekt og endurbyggingu brunahreyfla yfir í nákvæmnisvinnu, samsetningu og tækniteikningu á tölvu. Áherslan er á verklega færni, öryggi og fagleg vinnubrögð þar sem nemendur læra með því að framkvæma. Þeir takast á við raunverulegar áskoranir í verkstæðinu og fá tækifæri til að nýta sköpunargáfu, nákvæmni og rökhugsun við lausn verkefna. Það er ánægjulegt að sjá metnað, samvinnu og gleði nemenda í starfi – hér eru framtíðar sérfræðingar að byggja upp færni og sjálfstraust sem nýtist þeim áfram í atvinnulífi eða frekara námi.



Húsasmíði

Haustið 2025 voru 40 nemendur í dagsskóla, 15 af þeim eru nú að ljúka námi hér við skólann á húsasmíðabraut. 34 í dreifnámi en þar ljúka 17 nemendur sínu námi við skólann nú um jólin.

Námið var með hefðbundnu sniði þar sem fyrsta árs nemar vinna einföld grunnverkefni þar sem beiting verkfæra og nákvæmni er megin þemað. Annars árs nemar smíða timburhús frá grunni en það er samstarfsverkefni Húsasmíðjunar og FVA. Þriðja árs nemar sem nú kveðja skólann unnu lokahnykkinn í náminu sem eru undirbúningur fyrir sveinspróf sem einhverjir fara í núna strax eftir áramót. Dagskólanemendur fóru í eina heimsókn í haust á byggðasafnið á Görðum, þar sem vel var tekið á móti hópnum.

Viðburðir í skólastarfi og vettvangsferðir

Nemendur og starfsfólk skólans tekur virkan þátt í gulum september, bleikum október og jólaþeysudagur er orðin árleg hefð.

Föstudaginn 29. ágúst var hin árlega nýnemaferð með stjórn nemendafélags NFFA. Farið var með rútu í Mosfellsbæ þar sem nýnemar skemmtu sér í fjöri og grilli. Vel heppnuð og skemmtileg ferð.

Það er hefð fyrir því að útskriftarnemar skólans gróðursetji tré. Þessa önnina var plantað rétt ofan við hringtorg hjá Bónus. Að venju var það Jens Baldursson formaður Skógræktarfélags Akraness sem sá um gjörninginn ásamt Helenu Valtýsdóttur kennara.

19. september fóru nemendur í jarðfræði, ásamt kennara sínum Finnboga Rögnvaldssyni, í stórgóða dagsferð um Melasveit og vestur á Mýrar. Jökulhörfun, ummynduð berglög, megineldstöðvar og upphleðsla Akrafjalls var meðal þess sem var skoðað og rætt. Það kom sér vel í ferðinni að eiga vind- og vatnsheld föt og höfuðljósið kom að góðum notum í Borgarhelli.

Nemendur í rekstrarhagfræði fóru í heimsókn í vinnslu Akraborgarinnar þann 7. Október. Nemendur fengu meðal annars að sjá hvernig hráefni breytist í fullunna vöru og hvernig skipulag, gæðastjórnun og nýting haldast í hendur í framleiðsluferlinu.

Okkar frábæri Unnar Þ. Bjartmarsson, kennari í húsasmíði í FVA og smíðakennari við Grunnskóla Borgarfjarðar, var tilnefndur til íslensku menntaverðlaunanna fyrir að kveikja áhuga nemenda á öllum aldri á iðn- og verknámi og leggja grunn að framtíðarstarfsfólki í greininni.

Dröfn Guðmundsdóttir kennari fór með nemendum í ensku í Bíó Paradís að sjá kvikmyndina Fargo. Fyrir sýningu fékk hópurinn kynningu á myndinni frá Oddnýju Sen kvikmyndafræðing og kennara, þá sérstaklega á leikstjórum myndarinnar, Coen bræðrum.

Föstudaginn 24. október boðuðu um 60 launþega-, kvenna og mannréttindasamtök á Íslandi til kvennaverkfalls, þegar 50 ár voru liðin frá því að fyrsti kvennafrídagurinn var haldinn á Íslandi. Verkfallið var boðað til að mótmæla kynbundnu misrétti, undirstrika mikilvægi framlags kvenna og kvára til samfélagsins alls, í launuðum og ólaunum störfum. Stór hluti kennara og starfsfólks lagði niður störf þennan dag og stóð FVA þétt við bakið á starfsólki sem og nemendum sem tóku þátt í þessum baráttudegi.



Hið árlega Barnaping Akraness fór fram í Þorpinu dagana 11. – 13. Nóvember. Á Barnapinginu koma saman fulltrúar úr 5. – 10. Bekk grunnskólanna á Akranesi og ræða mál er varða börn og ungmenni bæjarins. Nemendur FVA sáu um hlutverk ritara á þinginu.

Guðmundur Ingi, ráðherra mennta- og barnamála, heimsótti FVA föstudaginn 14. nóvember ásamt fríðu föruneyti. Starfsfólk skólans og nemendur komu saman á fund til að hlýða á ráðherra og hans fólk ræða áform um breytingar á framhaldsskólastiginu og þau áhrif sem þær breytingar gætu haft á starfsemi skólans. Hugmynd hans gengur út á að stofna svæðisskrifstofu/r sem gegna eigi þjónustu- og eftirlitshlutverki skólanna. Ágætis umræður sköpuðust í lok fundarins og verður áhugavert að fylgjast með hvernig þetta fer.

18. nóvember fóru Kristín Edda, Angela og Jón Gunnar með nemendur í þverfaglegt verkefni innan deildar íslensku og listgreina á slóðir skáldsins Hallgríms Péturssonar. Ferðinni var heitið að Saurbæ þar sem staðarhaldarar buðu upp á heitt súkkulaði og piparkökur. Í Hallgrímskirkju leiddi Benedikt Kristjánsson hópinn í fjöldasöng þar sem sungnir voru nokkur ljóð Hallgríms Péturssonar. Nemendum var síðan skipt í þrjá hópa og fór hver hópur í gegnum þrjár smíðjur. Virkilega vel heppnuð og skemmtileg ferð.

Þann 3. desember fóru Kristín Edda og Jón Gunnar með nemendur í áfanganum ÍSLE3BE til Reykjavíkur. Í Eddu við Arngrímsgötu var vel tekið á móti hópnum og við tók einskonar hringekja með viðkomu í þremur merkilegum byggingum, Eddu, Veröld og Þjóðminjasafninu. Nemendur fengu leiðsögn um handritasýninguna Heimur í orðum, fengu örkynningu á ævi Vigdísar Finnbogadóttur og stutta yfirferð í Þjóðminjasafninu um þann hluta safnsins sem tengist lesefni áfangans. Alls staðar var vel tekið á móti nemendum sem voru sjálfum sér og skólanum til sóma.

Á námsmatsdögum fengu nemendur í vélvirkjun og rafvirkjun Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar í heimsókn. Nemendur fengu kynningu á slökkviliðinu, starfsemi þess sem og fyrirlestur um eldvarnir. Einnig fór fram verkleg kennsla í notkun slökkvitækja og eldvarnateppa.

Nemendur á myndlistarsviði tóku þátt í samsýningu framhaldsskólanna þann 28. nóvember í húsnæði menntavísindasviðs HÍ við Hagatorg í Reykjavík, undir dyggri leiðsögn kennara síns, Angelu Árnadóttur. Einnig tóku nemendur þátt í MEMA, nýsköpunarhraðli, með sérlega áhugavert verkefni um sóun á stórhátíðum sem spyrnt var gegn með hringrás og endurvinnslu beina úr stórgripum og umbúða utan af smjöri. Við náðum 2. sæti í keppninni en hefðum sko átt að sigra!

Heilsuvikan

Heilsuvika Evrópu í FVA var haldin 22.-26. september. Vikan byrjaði með fyrirlestri frá Píeta samtökunum á sal skólans. Þar ræddu Tómas Daði sálfræðingur og Birna Rún leikkona opinskátt um andlega líða og mikilvægi þess að tala saman um hlutina. Dagskrá heilsuvikunnar var metnaðarfull, þar sem meðal annars var boðið upp á keppni í blindrabolta, sokkabolta, holukeppni í golfi, Winter Cup var á sínum stað sem og fimleikakvöld í fimleikahúsinu. Borðtennisborðið þurfti frá að hverfa vegna hávaða og slæmrar umgengni. Það var hvílt í nokkurn tíma en fékk að endingu nýjan stað í námsveri skólans sem er á framkvæmdastigi.



Skammhlaup

Hið árlega Skammhlaup var haldið 6. nóvember. Nemendum skólans var skipt upp í 6 lið sem kepptu sín á milli í ýmsum þrautum, bóklegum og verklegum. Skammhlaupið hófst með pylsupartýi á sal skólans, að því loknu var skrúðganga frá skólanum í íþróttahúsið við Vesturgötu. Eftir hressilega keppni í íþróttahúsinu var haldið aftur upp í skóla þar sem keppnin hélt áfram. Skemmtilegt og vel heppnað Skammhlaup í ár.

NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2025-2026 skipa þau Sigurður Brynjarsson forseti, Álfrún Embla Hrannarsdóttir markaðsstjóri og varaforseti, Jökull Viktor ritari, Hringur Logi gjaldkeri og Morten skemmtanastjóri. Fulltrúi nýnema er Karen Líf Viðarsdóttir.

Nýnemaballið

Nýnemar voru boðnir velkomnir með nýnemaballi með Birni þann 2. september sem haldið var í sal skólans. Það fór afar vel fram.

Westside-ballið

Westside íþróttakeppni milli FVA, MB og FSN var haldin á Akranesi 14. október þar sem keppt var í hinum ýmsu íþróttagreinum og spurningakeppni. Westside lauk með balli í FVA þar sem Stuðlabandið hélt uppi fjörinu. Að þessu sinni bar FVA sigur úr býtum og hefur bikarinn til varðveislu til haustsins 2026 og viljum við því meina að bikarinn sé kominn heim! Nemendur okkar voru til fyrirmyndar í alla staði.

Edrúpotturinn

Á böllum í FVA er hvatt til að vera með í edrúpotti sem snýst um að blása í áfengismæli og eiga möguleika á útdrætti um veglega vinninga. Á hverju balli er þessi kostur í boði og hefur þátttaka alltaf verið mjög góð.

KOSS

Koss, starfsmannafélag kennara og starfsmanna við FVA hélt uppi stuðinu í vetur. Fyrsti viðburður í byrjun september var vísindaferð þar sem glænýtt íþróttahús við Jaðarsbakka og nýjar viðbætur við Grundaskóla voru skoðaðar. Að því loknu var rölt á Leynir Bistro á Garðavelli í kvöldmat. Hið árlega golfmót RAF var haldið 11. september og vel heppnað Októberfest var í ár haldið á Bárinni Brugghúsi þar sem boðið var upp á bjórsmakk. KOSS stóð fyrir árlegum jólapeysudegi 28. nóvember, boðið var upp á glæsilegar veitingar á kaffistofunni þann sama dag og um kvöldið var glæsilegt jólahlaðborð í Jónsbúð. Vel heppnað kvöld og mikið fjör þar sem jólaskaup kennara sló í gegn. 18. desember var jólakósí og samvera á kaffistofunni, pakkaleikur starfsfólks fór friðsamlega fram og öll fengu jólagjöf frá skólanum.

Stoðþjónustan og farsæld

Nemendaþjónusta FVA er þverfagleg, virk, vel menntuð og sérhæfð. Við skólann eru náms- og starfsráðgjafar í einu og hálfu stöðugildi, geðhjúkrunarfræðingur í hálfu starfi og sálfræðingur í hálfu starfi. Þá er öflugt farsældarteymi skólans, sem inniheldur m.a. þrjá starfandi tengiliði, sem funda reglulega á önninni og fulltrúar þess sóttu fundi og tóku þátt í samstarfi við Akraneskaupstað. Fulltrúar



frá okkur sóttu fundi í verkefninu „Öruggara Vesturland“ sem er svæðisbundið samráð um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Lögreglustjórinn á Vesturlandi, sveitarfélögin á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Fjölbrautaskóli Snæfellinga, Menntaskóli Borgarfjarðar, Sýslumanninn á Vesturlandi og Ríkislögreglustjóra standa saman að verkefninu. Á haustönn var stofnað Farsældarráð Vesturlands sem skólinn er aðili að.

Erlent samstarf

Erasmus+ verkefnið WIFI (Widen Interaction for Innovative Inclusion) er aftur komið á fulla ferð. Fimm nemendur fóru ásamt Kristínu Kötterheinrich og Helenu Valtýsdóttur til Lamia í Grikklandi. Þemað í ferðinni voru málefni fatlaðra. Auk Íslands taka nemendur frá Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Grikklandi og Tyrklandi þátt í verkefninu.

Helena Valtýsdóttir og Anna Bjarnadóttir fóru ásamt tveimur nemendum til Tyrklands. Viðfangsefnið í þeirri ferð voru flóttamenn og innflytjendur. Nemendur okkar í ferðinni, Sandra Björk og Ásrún Silja fluttu meðal annars kynningu á stöðu flóttamanna á Íslandi og sýndu myndband með viðtölum við núverandi og fyrrverandi nemendur FVA sem komu til Íslands sem flóttamenn. Þær stóðu sig alveg sérlega vel bæði í því og öðrum verkefnum ferðarinnar.

Kristín L. Kötterheinrich er alþjóðafulltrúi skólans sem fyrr.

Húsnæði og aðbúnaður

Við erum sífellt að bæta aðbúnað starfsfólks og nemenda skólans. Keyptar voru tölvur, heyrnartól, hátalarar, skjávarpar ofl. á árinu. Þá var ráðist í að skipta út nemendahúsgögnum, en stólar í B álmu eru orðnir yfir 20 ára gamlir. Falla þessi innkaup vel að stefnumótun um velferð og vellíðan nemenda. Von er á stólasendingunni í byrjun næsta árs. Verið er að mála nokkrar kennslustofur í D-álmu og gengur vel, gólfíð í kennslurými málmiðngreina var lakkað og er eins og nýtt. Búið er að dúkleggja og mála á heimavistinni og í sumar voru keyptar nýjar hurðir, 33 stk. Það tók hins vegar langan tíma að fá þær afhentar og voru íbúar vistarinnar með hálfa dyrastafi og án þröskulda í margar vikur en sýndu ómælda þolinmæði, takk fyrir það! Loksins komu hurðirnar í byrjun desember og nú er verið að setja þær í. Unnið er sleitulaust að því að fá Framkvæmdasýslu ríkisins til að fara í endurbætur á herbergjum heimavistarinnar sem sum hafa látið á sjá í tímans rás.

Bókasafn og upplýsingamiðstöð

Nemendur eru duglegir að nýta rýmið í verkefnavinnu en þar er líka bara gott að vera, spjalla og hafa það gott. Áfram verður unnið að því að umbreyta rýminu í gott verkefnarými sem mætir þörfum nemenda og kennara til framtíðar.

Tölvuver gegnt safninu var tímabundið nýtt fyrir borðtennisborð skólans sem virkaði ágætlega.

Námsver „Verið“

Boðið var upp á opinn tíma einu sinni í viku í stærðfræði, rafmagnsfræði, iðnreikning og raungreinum. Aðsókn hefur verið góð á önninni.



Mötuneyti

Hollur og góður matur er aðalsmerki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á hafragraut á morgnana, heitan mat og salatbar í hádeginu ásamt því að hægt er að næla sér í ýmislegt í sjoppunni þess á milli. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur. Starfsfólk mötuneytis er alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í haust!

Heimavist

Íbúar á heimavistinni eru 41 nú í lok annar en 43 voru þau í byrjun annar. 22 eru í tveggja manna herbergjum og því 19 í einstaklingsherbergjum. Sitthvað þarf að endurnýja þar sem búa svo margir saman, t.d. var í annarlok keypt ný ryksuga, hnifar í sameiginlegt rými og nýr sófi í stofuna.

Nokkuð hljótt var um vistarráðið á þessari önn en það gekk illa að ná öllum á fund á sama tíma. Það verður endurnýjað í ráðinu á vorönn. Rætt hefur verið um betra skipulag á þrifum í eldhúsi svo ekki þurfi að taka til þess að loka því – en til þess hefur verið gripið þegar umgengnin er orðin slæm. Á vistinni er Paxton-aðgangskerfi sem vistarbúar eru misánægðir með en hefðbundnir lykjar verða að herbergisdýrunum. En mikil ánægja er með nýju hurðirnar sem Framkvæmdasýslan og SF smiðir eru að setja upp þessa dagana og tilhlökkun fyrir að því verkefni ljúki.

Grænu skrefin og Grænáninn

Skólinn hefur hlotið fimm græn skref. Fyrsta, annað og þriðja skrefið komu í hús árið 2021, það fjórða 2022 og það fimmta 2024. Margir lögðu hönd á plóg í þessu stóra verkefni en fremstar í flokki eru umhverfisfulltrúinn Helena Valtýsdóttir og Guðrún Lind fjármálastjóri sem sér um græna bókhaldið. Við höldum áfram að draga úr umhverfisáhrifum og efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks, t.d. með því að draga úr prentun og ljósritun, forðast plast, flokka rusl, ferðast með langferðabíl og hafa fataskiptimarkað. Einnig erum við þátttakendur í Grænánaverkefninu.

Stefnumótun

Stefnumótun fyrir skólann gengur vel og eiga þar gæðastjóri og deildarstjórar stóran þátt við að leiða sína kennara áfram. Á árinu var þetta helst gert með þær fjórar megináherslur sem voru lagðar 2025:

Stöðug og góð aðsókn að námi: Unnið var að því að auka aðsókn meðal annars með kynningarstarfi (Mín framtíð, Starfamestur, aukið samstarf við grunnskóla, samfélagsmiðlar). Fjölbreytt nám, endurbætur á heimavist (ath ekki fjárhagslegur grundvöllur fyrir eins miklu framboði í dreifnámi og við hefðum viljað (hús, sjú og meist).

Unnið að **velferð og velliðan** í gegnum ýmsar áherslur í stefnumótun, t.d viðtöl við nemendur, símamál tekin fastari tökum, jákvæð samskipti við nemendur, jákvæður skólabragur, virkjað til þátttöku og ábyrgðar. **Verið** var opið í hverri viku. Samstarf stoðteymis og Akraneskaupstaðar með um 30 nemendur í farsældarþjónustu, öflugt stoðteymi og sálfræðingur. Tilkynningar til barnaverndaryfirvalda. Öflug gæsla á böllum. Vettvangsferðir. Félagslífsfulltrúi í 25% starfi. Innkaup á húsgögnum og tækjum. NFFA hvatt til þátttöku, stutt með ráðum og dáð, aðstaðan bætt.

Skýr námskrá og faglegur rammi, námskrá í sífelldri endurskoðun, síðast júní 2025. Skólareglur og heimavistarreglur uppfærðar. Reglulega Samstarf við skólanefnd, grunnskóla, aðra framhaldsskóla.



Breytingar á t.d. uppbyggingu í RAF og MÁLM til samræmis við aðrar brautir á landsvísu. Utanumhald með ferilbók.

Hvetjandi starfsumhverfi fólki líður vel, hrós og hvatning, öryggi og traust, umhverfi og aðbúnaður eins og best verður á kosið, öflugt starfsmannafélag, liprir stjórnunarhættir, lýðræði og sjálfræði, árleg starfsmannasamtöl, jólagjöf, viðburðir haldnir hátíðlegir, árshátíð og jólahlaðborð, ódýrt með kaffinu, ókeypis ávextir og kex, gott mötuneyti, góður stofnanasamningur.

Nokkur þessara verkefna eru á lokaspretti, önnur eru í gangi áfram á næstu önn eða ný að hefjast. Áherslur næsta skólaárs hafa verið valdar með deildarstjórum og kynntar fyrir skólanefnd. Við finnum vel hvað stefnumótunin er gagnleg þar sem hún kallar á ígrundun og umbætur og við erum öll að leggja af mörkum fyrir skólann í heild.

Í annarlok

Skólastarfið á þessari önn hefur verið viðburðaríkt og í mörg horn að líta. Áfangastjóri er í námsleyfi og Kristín Louise Kötterheinrich hefur leyst af og gert það með stakri fagmennsku og alúð. Skipunartími aðstoðarskólameistara rann út um áramótin og var staðan auglýst eins og lög gera ráð fyrir. Sóttu 4 um, þ.á.m. Dröfn sem var endurráðin, enda ríkir almenn ánægja með hennar störf. Starfsandinn í skólanum er góður og einkennist af jákvæðni og krafti enda er hlúð að starfsfólki og kennarar leggja sig fram um virkja nemendur til dádá, skapa gott námsumhverfi og félagslíf - og hreinlega láta hlutina ganga upp í stórum og fjölbreyttum skóla.

Það er vert að þakka Framkvæmdasýslunni og SF smiðum fyrir að ganga vasklega fram við að setja loksins upp langþráðar eldtraustar og hljóðeinangraðar hurðir fyrir herbergin á heimavistinni. Næst þarf að koma því í kring að ganga frá svölum hússins, setja upp aðstöðu fyrir sorptunnur og mála og endurnýja þau herbergi sem sárast þarfnast þess.

Við stöndum nú frammi fyrir hagræðingarkröfu og hallarekstri. Skýringar liggja fyrst og fremst í launakostnaði og hækkun á húsaleigu. Á komandi ári verður yfirvinna markvisst haldið í lágmarki eins og mögulegt er, en það mun vissulega bitna á námsframboði þar sem ekki verður t.d. unnt að bjóða upp á eins marga fámenna áfanga á efri þrepum og við hefðum kosið.

Skipulagsbreytingar á framhaldsskólastiginu voru til umræðu á önninni en ráðherra mennta- og barnamála kom í heimsókn ásamt fylgdarfólki þann 14. nóvember til að kynna það mál. Reyndar vorum við litlu nær eftir þá heimsókn en tíminn hlýtur að leiða þetta allt í ljós. Í FVA er bjartsýnn starfsmannahópur, samheldinn og hress, og við tökum því sem að höndum ber með æðruleysi.